

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Sólveigarsjóð.

1. gr.

Ég undirritaður Tómas Helgason, kt. 210418-4159, stofna hér með sjóð til styrktar bókasafni Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, þar með talið Tómasar- og Vigdísarsafn sem er deild innan bókasafns Landbúnaðarháskólans. Sjóðurinn heitir Sólveigarsjóður og er stofnaður til minningar um Sólveigu Finnborgu Helgadóttur systur mína (f. 13. desember 1927, d. 30. september 2002). Stofndagur sjóðsins er 13. desember 2002 og heimili sjóðsins og varnarþing er að Hvanneyri í Borgarfirði.

2. gr.

Stofnframlag sjóðsins er kr. 1.000.000 -ein milljón króna-. Stofnfé skal haldast óskert í sjóðnum, verðtryggt með vísitölu neysluverðs (grunnvísitala 223,9). Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á ávöxtun hans. Sjóðinn má auka með gjöfum og áheimum.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja starfsemi bókasafns Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og skal úthlutað úr honum árlega tekjum hans umfram gjöld. Sérstaklega skal hugað að eftirtöldum verkefnum:

- Viðhaldi áskrifta tímarita í Tómasar- og Vigdísarsafni.
- Skráningu sérprentasafns Tómasar- og Vigdísarsafns.
- Eflingu tæknibúnaðar bókasafnsins.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur og önnur ávöxtun af stofnfé, gjafir, áheit og önnur framlög sem sjóðnum kunna að berast umfram þá hækkun sem reiknast miðað við breytingar vísitölu neysluverðs. Uppreikna skal stofnfé miðað við vísitölu eins og hún er 31. desember ár hvert, fyrst 31. desember 2003.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú fulltrúar.

Rektor Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, og er hann formaður stjórnar.

Einn tilnefndur til fjögurra ára í senn af háskólaráði Landbúnaðarháskólans.

Einn upphaflega skipaður til fjögurra ára af stofnendum sjóðsins, en síðar tilnefndur til sama tíma af stjórn sjóðsins úr hópi stofnenda eða afkomenda þeirra.

Forstöðumaður bókasafns Landbúnaðarháskólans skal vera prókúruhafi sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins varðveitir eignir hans og skal ávaxta hann í verðtryggðum skuldabréfum, spariskírteinum ríkissjóðs eða með öðrum þeim hætti sem sjóðsstjórn er sammála um að telja jafn öruggan. Skýrsla um starfsemi sjóðsins ásamt reikningum skulu birtir í ársskýrslu skólans. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af þar til kjörnum skoðunarmönnum.

7. gr.

Verði sú breyting á hlutverki og rekstri Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri að breyta þurfi skipulagsskrá þessari til þess að sjóðurinn nái tilgangi sínum skal stjórn það heimilt enda sé það samhljóða álit hennar.

8. gr.

Verði starfsemi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri lögð niður skulu eignir sjóðsins renna til sambærilegra verkefna við aðrar háskólastofnanir eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. mars 2003.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.